



Skýrsla um Lands- símareit enn ókomin

● VG fornleifarannsóknir ehf með 28,5 milljóna króna hagnað árin 2016 og 2017 ● Bannar myndatöku af forngrípunum

FRÉTTASKÝRING

Guðmundur Magnússon
gudmundur@mbl.is



Minjastofnun hefur enn ekki fengið í hendur skýrslu Völu Garðarsdóttur fornleifafræðings um fornleifauppgroftinn á Landssímareitnum í miðborg Reykjavíkur 2016 til 2017. Von var á skýrslunni 1. júní, fyrir rúmum fjórum mánuðum en hún hefur ekki borist. Engar upplýsingar fást um það hvenær niðurstöðurnar verða kynntar.

Vala hefur ekki viljað greina Morgunblaðinu frá helstu niðurstöðum fornleifarannsóknarinnar, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli. Þá hefur hún sýnað ósk Morgunblaðsins um að fá að ljósmynda gripina sem fundust við uppgroftinn og geymdir eru á forvörsluverkstæði Þjóðminjasafnsins í Hafnarfirði. Í reglum Minjastofnunar um leyfi til fornleifarannsóknna frá 2013 segir í 11. grein að leyfishafi skuli eiga fyrsta útgáfurétt um gögn og gripi í fimm ár frá lokum vettvangsrannsókna. Ekki liggur þó í augum uppi að þetta ákvæði eigi að gilda um umfjöllun fréttamiðla.

Morgunblaðið hefur einnig leitað upplýsinga um kostnað við fornleifarannsóknina á Landssímareitnum en enn engin svör fengið. Samkvæmt lögum ber framkvæmdaðili kostnaðinn. Það er Lindarvatn ehf. sem er eigandi fasteigna á reitnum þar sem nýtt gistihús Icelandair hotells er að rísa.

Tekjur námu 113 milljónum

Félagið réð Völu Garðarsdóttur til verksins 2016 þegar hún var starfsmaður Hornafjarðarsafna. Hún hætti störfum á þeim vinnustað í framhaldinu og stofnaði einkahlutfélagið VG fornleifarannsóknir og er það skráð fyrir verkinu. Samkvæmt gögnum sem Vala sendi Minjastofnun þegar hún fékk uppgrafterleyfið 2016 var gert ráð fyrir 7 fornleifafræðingum auk hennar við vettvangsvinnuna og tveimur öðrum sérfræðingum við úrvinnslu. Samtals var gert ráð fyrir því að verkið væri 30 mannmánuðir. Í gögnum Minjastofnunar sem Morgunblaðið fékk á grundvelli upplýsingalaga er ekkert að finna um breytingu á starfsmannafjölda eða mannmánuðum við verkið sem þó munu hafa orðið.

Samkvæmt ársreikningum sem VG fornleifarannsóknir ehf hafa skilað voru tekjur félagsins tæpar 84



Morgunblaðið/Golli

Fornleifar Frá uppgreftrinum á bílastæði Landssímans sem fram fór 2016 til 2017. Undir bílastæðinu var hluti af elsta kirkjugarði Reykjavíkur.

ÁHYGGJUR MINJASTOFNUNAR EKKI Á RÖKUM REISTAR

Engin jarðvegsskipti í vændum



Stytta Skúli fögeti í Víkurgarði.

Ekki eru áformuð nein jarðvegsskipti í Víkurgarði (Fógetagarði), hinum forna kirkjugarði á horni Adalstrætis og Kirkjustrætis í Reykjavík í tengslum við byggingu nýs hótels á svokölluðum Landssímareit. Þetta segir Nikulás Úlfar Másson, byggingarfulltrúi Reykjavíkur, í samtali við Morgunblaðið.

Fram kom í gær að gögn sem blaðið fékk frá Minjastofnun sýndu að starfsmenn þar hefðu áhyggjur af því að mikið rask væri framundan í hluta Víkurgarðs þar sem merkt hefði verið inn á teikningar borgaryfirvalda af svæðinu að gera yrði ráð fyrir sérstöku björgunarsvæði við vestrhlið nýja hótelsins, þar sem inngangur verður, og hafa þar sérstyrkt undirlag. Töldu starfsmenn Minjastofnunar að þetta gæti þýtt að skipta yrði um allt að 20% jarðvegs í garðinum.

Nikulás Úlfar segir að þetta sé misskilningur. Sérstyrkt undirlag geti allt eins falið í sér breiðari hellur en nú eru í Víkurgarði.

milljónir króna árið 2016 og tæpar 29 milljónir árið 2017, samtals um 113 milljónir. Líklegt er að meginhluti þessara tekna séu greiðslur frá Lindarvatni ehf vegna fornleifarannsóknarinnar.

Fram kemur í ársreikningunum

að rekstrargjöld 2016 voru rúmar 58 milljónir og tæpar 24 milljónir 2017. Hagnaður VG fornleifarannsóknna ehf árið 2016 var 24,3 milljónir króna og 4,2 milljónir króna árið 2017, samtals um 28,5 milljónir þessi tvö ár.